

SKAKKI TURNINN Í PÍSA

eftir Ólaf Hauk Símonarson

2. hluti þrileiksins

“Ich fahre' mit meiner Lisa zum schiefen Turm nach Pisa. Sie soll das Ding mal sehen um endlich zu verstehen, dass auch das Schiefe in der Welt doch unwahrscheinlich lange halt. Drum fahre' ich mit der Lisa zum schiefen Turm nach Pisa.”

PERSÓNUR:

Haddi, Gógó, Gunnur, Sigurður, Ásta, Böðvar, Jóna.

Leikurinn gerist um það bil tveimur árum síðar en Milli skinns og hörunds.

1. mynd

HADDI, GÓGÓ OG ÁSTA á heimili HADDA OG GÓGÓAR.

Gógó er að greiða Ástu.

ÁSTA: Ég veit ekki hvert hann ætlaði nú að komast, maðurinn, þegar ég sagðist vera að fara í party með stelpunum á deildinni. Party á alzheimerdeild, tönnlaðist hann, það er eingott að leikurinn berist ekki inn í líkhúsið? Á kannski að taka sporið með líkunum? Láttu ekki svona, Sigurður minn, sagði ég, þetta verða bara við stelpurnar og nokkrir ungir, sætir læknar. Hann hneggjaði, skal ég segja ykkur, hann hneggjaði. Já, er það ekki, sagði hann, strisstiss og sauna með læknunum innan um líkin!

HADDI: Stripptiss, mamma.

ÁSTA: Hvað heldurðu að hann hafi gert í gær? Hún Jóna varð vitni að því; hún var stödd úti í fiskbúð. Þar var ein kerlingin að kvarta yfir ýsunn sem hún hafði keypt í fyrradag. Ekki nógu ný, sagði hún. Hvað heldurðu að maðurinn hafi sagt yfir alla búðina? Skilaðu henni aftur, kerling, skilaðu ýsunn! Hvernig get ég skilað ýsu sem ég er búin að borða, sagði aumingja konan. Skíttu henni í plastpoka, hrópaði hann yfir alla búðina, skíttu henni í plastpoka og ég kaupi af þér pokann. Konan rauk út úr búðinni eins og hefði verið sett raketta í rassgatið á henni, en hann byrjaði að bölsótast, sagðist ekki selja svona pakki hvorki eitt né neitt, rak alla út úr búðinni og skellti í lás. Jóna greyið sagðist hafa átt fótum fjör að launa.

HADDI: Hann er greinilega að spila út.

ÁSTA: Og svo neitar hann sjálfur að éta fisk. Ég stríði honum auðvitað eins og ég get, ber ekkert á borð annað en fisk.

GÓGÓ: Og étur hann þá ekkert?

ÁSTA: Hann Sigurður? Jú, góða mín, hann lætur nú ekki detta úr máltíð, maðurinn sá. Hann étur saltkjöt á hverjum degi inni í Múlakaffi. Svo engist hann af brjóstsviða allar nætur og rekur við þannig að manni kemur ekki dúr á auga.

GÓGÓ: En ógeðslegt.

ÁSTA: Æ, ég hálf vorkenni honum. Hann er eitthvað ónógur sjálfum sér.

HADDI: Hver var að biðja hann um að kaupa þessa fjandans fiskbúð? Snapandi fisk öll kvöld út um allt Reykjanes á þessari bíldruslu sem er að liðast sundur undir rassgatinu á honum. Honum hefði verið nær að taka þessari vinnu sem honum bauðst í Álverinu.

ÁSTA: Hann fór suður eftir, gekk einn hring í kerskálunum og bað þá svo að stinga þessu álveri upp í boruna á sér, hann væri mannvera en ekki drýsildjöfull. Tönnlaðist á því í marga daga að fyrst til væru asnar sem létu hafa sig í vinna þarna væri ekki nema mátulegt á þá að drepast úr krabbameini.

GÓGÓ: Kjafturinn á honum Sigurði.

ÁSTA: Hann meinar nú kannski ekki allt bókstaflega sem hann lætur flakka.

HADDI: Maðurinn er ruglaður, gat hann ekki fengið sér vinnu á bensinstöð og slappað af?

ÁSTA: Ég held að hann þekki nú ekki það hugtak, að slappa af. Jæja, krakkar, hestaskál, svo er ég rokin. Gógó mín, er ég ekki ferlega þúkó?

HADDI: Og hvað með það?

ÁSTA: Viltu að mamma þín sé þúkó?

HADDI: Auðvitað eru allir þúkó sem eru komnir á grafarbakkan.

ÁSTA: Heyra í þér, strákur! Ég er ekkert nær grafarbakkanum en hver annar! Ég ætla að lifa þar til ég dey. Nú segist pabbi þinn ætla að grafa sig í plaströri upp á endann. Hann segir að það sé framtíðin, til að spara pláss.

HADDI: Þið eruð rugluð, bæði tvö. Og ég veit ekki hvort ykkar er ruglaðra.

ÁSTA: En þú, þú ert ekki ruglaður? Af hverju hættirðu í skólanum?

HADDI: Ég fékk ofnæmi.

ÁSTA: Fyrir hverju?

HADDI: Línóleum gólfdukk. Hvítum postulínsflísum. (Hækkar röddina.) Og leiðinlegum mönnum í tweetjökkum með leðurbótum á olbogunum!

GÓGÓ: Haddi, ætlarðu að vekja barnið?

HADDI: Ég vek barnið ef mér sýnist!

ÁSTA: Það er rugl og aftur rugl að hætta í skóla ef maður er ekki heimskur og hefur

ekkert annað á þrjónunum.

HADDI: Segðu Böðvari það.

ÁSTA: Hann er lasinn.

HADDI: Einmitt, það er draumurinn, að allir gangi í skóla og ruglist.

ÁSTA: Gógó mín, hættu þessu nú, ég er gömul sorgmædd herfa, því verður ekki breytt.

GÓGÓ: Þú ert bara að verða ofsa sæt, Ásta. Þú skalt sko passa þig á læknunum. (*Tekur upp varalit.*) Vertu kjur augnablik, manneskja. Leyfðu mér að setja þínu lit á varimar.

HADDI: Þetta er ekki grímuball, er það? Óþarfi að líta út eins og trúður.

ÁSTA: Ég er gamall sorgmæddur trúður. En ég hangi samt ekki heima yfir sjónvarpi öll kvöld eins og sumir.

HADDI: Þú ert orðin full manneskja.

ÁSTA: Fullsödd af sumu og sumum.

HADDI: Sama er mér. Hvað er að éta, Gógó?

ÁSTA: Þið með eilífa hungrið ykkar. Eldaðu sjálfur!

HADDI: Æ, þegiðu, manneskja, vertu ekki að skipta þér af þessu.

ÁSTA: Þú minnir mig á einhvern.

HADDI: Gógó, ég var að spyrra hvað væri að éta?

GÓGÓ: Ég keypti pylsur.

HADDI: Troddu þeim þá í pott, manneskja!

ÁSTA: Svona ungur og forstokkaður.

HADDI: Þú ert rugluð kerling.

ÁSTA: Fyrir tveimur árum var ég næstum orðin rugluð. En þá mundi ég skyndilega eftir dálitlu.

GÓGÓ: Hverju?

ÁSTA: Það var mynd. Mynd af ungum manni með kasketi á höfðinu. Hann horfði beint í myndavélina og glotti svo kankvís.

GÓGÓ: Og hvað? Hver var þetta?

ÁSTA: Maðurinn gaf mér myndina af sér austur á Héraði þegar hann hafði sjarmeraði mig flata undir sig. Allur þessi heiðblái himinn og gul sólin. Ég hef aldrei verið jafnreiðubúin að gleyma stund og stað. Í grænni lautu, austur í Atlavík.

GÓGÓ: Var þetta hann Sigurður?

ÁSTA: Nei, nú er ég farin. Haddi minn, ætlarðu ekki að kyssa mömmu gömlu? Bless, bless.

GÓGÓ: Haddi, hvað mynd var hún að tala um?

HADDI: Þú heyrðir hvað hún sagði.

GÓGÓ: Stundum skil ég hana mömmu þína ekki alveg.

HADDI: Hún er kexrugluð.

GÓGÓ: Mér finnst flott hjá henni að drífa sig í party.

HADDI: Komdu.

GÓGÓ: Hvað að gera?

HADDI: Komdu!

GÓGÓ: Haddi, ég er á túr.

HADDI: Hvaða máli skiptir það. Er ekki gatið á sama stað?

GÓGÓ: Bíddu á meðan ég næ í handklæði. Ég vil ekki að blóðið fari í teppið, þá er það ónýtt.

HADDI: Það er allt ónýtt hvort sem er, manneskja! Allt saman handónýtt! Þetta er allt saman handónýtt!

GÓGÓ: Haddi minn, ekki...

HADDI: Ónýtt! Þetta er allt sama helvítis ruslið! Ónýtt, handónýtt!

GÓGÓ: Haddi! Haddi minn, ekki gera þetta!

(Hann sópar glösum niður af borðinu.)

GÓGÓ: Haddi, ég bið þig, þú mátt ekki gera þetta! *(Hann slengir henni á gólfid.)* Haddi, ekki rífa, leyfðu mér að fara úr fötunum!

2. mynd

GÓGÓ birtist. Það er allt á tjá og tundri á sviðinu. Hún hefst handa um að taka til, en gefst upp, sækir risakók í ísskápinn og flögupoka og byrjar að hnasla. Haddi birtist. Hann er á nærbuxum, sokkum og óhnepptri skyrtu. Kveikir sér í sígarettu; virðir GÓGÓ fyrir sér.

HADDI: Hvar er stelpan?

GÓGÓ: Úti í vagni.

HADDI: Það er fýla hér inni.

GÓGÓ: Ég ryksugaði í gær.

HADDI: Það er hland- og skítafýla. Hvernig væri að vaska upp?

GÓGÓ: Ég var að fara að gera það. En þú?

HADDI: Ég hvað?

GÓGÓ: Hvað ætlar þú að fara að gera?

HADDI: Ég ætla að ímynda mér að ég búi með Pamelu í Dallas.

GÓGÓ: Heldurðu að ég geri aldrei neitt?

HADDI: Þú verður áreiðanlega bráðum sæmd heiðursmerki kókakólaverksmiðjunnar.

GÓGÓ: Heldurðu að það sé engin vinna að vera með barn?

HADDI: Greinilega svo mikil vinna að uppvaskið verður að sitja á hakanum árum saman. Það er komin mygluskán í vaskinn. Þú skalt gæta þín, þess eru dæmi að svona mygla byrji að hugsa sjálfstætt, hún gæti læðst aftan að þér einhvern daginn þegar ég er ekki heima og kyrkt þig.

GÓGÓ: Mér finnst þú alveg eins geta tekið til eins og ég.

HADDI: Ég setti persónulegt met áðan, ég gróf tíu hlandbleyjur og þrjár með mannaskít undan rúminu.

GÓGÓ: Hvað gerðirðu við blejurnar?

HADDI: Ég henti þeim útum gluggann. Það vantar hljóðið. Grenja. Ég nenni ekki að horfa á þöglar myndir. Grenja. (*GÓGÓ byrjar að snökta.*) Nú er allt eins og það á að vera, mynd og hljóð komið lag. (*Það er barið varfærnislega að dyrum.*)

HADDI: (*Hrópar.*) Kom inn!

(*GUNNUR kemur inn. Hún er í hvítum málningargalla.*)

GUNNUR: Hæ, ég er að flytja inn hérna uppi. Gleymdi að kaupa terpentínu, eigið þið nokkuð?

HADDI: Er ekki í lagi þótt ég sé í nærbuxunum?

GUNNAR: Jú, það er góð byrjun - að vera í nærbuxum.

HADDI: Sagðirðu terpentínu?

GUNNUR: Já, eða þynni.

HADDI: Ekki nefna þynni í mín eyru. Ég hef aldrei verið þynnri á ævinni. Ég mæli með spíra. 75% spíri. Gerir sama gagn og þynnir og vel það. Má nefnilega líka drekka hann. (*Þurrkar tvö glös með skyrtuerminni, hellir spíra og kóki þau.*) Skyrtnan er alveg hrein, bara sviti í henni. (*Réttir GUNNI glasið.*) Skál! Velkomin í húsið.

GUNNUR: Takk. Ég heiti Gunnur.

HADDI: Hafsteinn, ekki miðill, kallaður Haddi. Ef þú heyrir óhljóð héðan af neðri hæðinni þá er það annað hvort barnið að kvelja foreldra sína eða foreldrarnir að kvelja hvort annað.

GUNNUR: Sterkt er það. Býrð þú þetta til?

HADDI: Faðir minn er eini iðnrekandinn á Íslandi sem ekki gengur um kvartandi og kveinandi. Einkunnarorð hans eru: það er vont en það er gott. Viltu ekki tylla þér? (*Bendir á stól sem liggur á hvolfi á gólfinu.*) Það þarf að snúa stólnum við. Svona, sjáðu, lappirnar eiga að snúa niður. Sigurður — faðir minn — ég er sonur hans — kallar framleiðslu sína Sigurvímu — í höfuðið á sjálfum sér. Sigurvíma hefur þessi áhrif — maður vill að allt snúi öðruvísi en það snýr.

GUNNUR: Ég hef orðið vör við það. Ég svaf í svefnpoka á gólfinu hér fyrir ofan í nótt.

HADDI: Virkilega?

GUNNUR: Þú fleygðir kúkableyjum ofan á reiðhjólið mitt. Hnakkurinn er allur útataður.

HADDI: Hvað gerirðu þegar þú ert ekki í útilegu í íbúðum þar sem kúkableyjur fljúga fyrir utan gluggana?

GUNNUR: Ég er í Myndlistarskólanum. En þú? Hvað gerir þú annað en grýta húsgögnum og hlandbleyjum?

HADDI: Veistu hvað malbik er?

GUNNUR: Ég hef grun um það, já.

HADDI: Grun, það er ekki nóg að hafa grun. Malbik er dularfullt efni sem allir fyrirlíta en enginn vill þó vera án. Malbikið grætur, hefurðu tekið eftir því? Malbiki getur blætt, vissirðu það? Malbik verður þreytt og skorpið eins og andlitið á gamalli kellingu ...

GUNNUR: Af hverju kellingu?

HADDI: Kalli þá! Kalli! Hættu að grípa frammi fyrir mér! Við þolum það ekki, við malbiksmenn! (*HAFFI stekkur út á mitt gólf, hristir sig og skeykur eins og hann sé á loftpressu að brjóta upp malbik.*)

GUNNUR: Ertu á loftpressu? (*Hrópar.*) Ertu á loftpressu?

HADDI: (*Lætur sem óðast á loftpressunni.*) Já, nýrun eru laus! Nei, auðvitað tekur því ekki að setja á sig neitt helvítis nýrnabelti, maður ætlar bara að jobba hér í fáeinar vikur! Heyrnarlaus? Já, auðvitað verður maður heyrnarlaus! Hvað ætli taki því að halda heyrn þegar maður er búinn að skíta nýrunum!

GUNNUR: (*Hrópar.*) Dreptu á loftpressunni!

HADDI: (*Drepur á ímyndaðri loftpressu.*) Varstu að segja eitthvað?

GUNNUR: Vinnurðu á loftpressu?

HADDI: Ég vinn nefnilega á loftpressu af því ég á enga andskotans seðlapressu.

GUNNUR: Nú verð ég að fara upp að mála. Þakka þér fyrir Sigurvímuna.

HADDI: Ertu ein að mála?

GUNNUR: Já, ég er ein að mála.

HADDI: Mér er líka mál að mála! Ég gerist málaliði!

GUNNUR: Ertu að grínast?

HADDI: Af hverju trúir enginn því sem menn í nærbuxum segja. (*HADDI æðir inn í svefnherbergið.*) Buxurnar mínar! Hvar eru buxurnar mínar? Skórnir! Hvar eru skórnir mínir?

GUNNUR: Skórnir eru hérna undir borðinu!

HADDI: (*Kominn í buxurnar.*) Þarna eruði strokugemlingar! Þeir hafa skriðið undir borðið í gærkveldi af ótta við að ég mundi éta þá. Eftir pylsur í fjóra daga samfleytt getur

maður vel hugsað sér að éta skó.

GÓGÓ: (*Birtist.*) Hvert ertu að fara, Haddi?

HADDI: Má ég kynna, Gunnur á loftinu. Gógó í neðra, konan á bak við manninn sinn! (*Stúlkurnar takast í hendur.*) Ég ætla að kenna konunni að halda á málningarpensli. Ekki troða penslinum lengra ofan í dósina en svo að höndin standi upp úr. Hárin á penslinum eiga að snúa að veggnum þegar málað er. Síðan hreyfir maður pensilinn upp og niður. Ekki í hringi, heldur upp og niður. Bless á meðan!

GÓGÓ: Ætluðum við ekki í bíltúr?

HADDI: Úthverfin verða á sama stað á morgun.

GÓGÓ: Má ég fara á bílnum?

HADDI: Ef þú lofar að vefja honum ekki utan um staur.

GÓGÓ: Þú hefur lent í fleiri árekstrum en ég.

HADDI: Ég hef líka lent í fleiri árekstrum en Jesús Kristus, en hvað sannar það? Svo mundi ég vaska upp áður en ég færi út ef ég væri í þínum sporum. Annars koma myglusveppirnir og kyrkja þig í nótt.

GUNNUR og HADDI hverfa. GÓGÓ stendur með billyklana, ruskar eitthvað í uppþvottinum, sprautar sáþulegi yfir leirtauið, en hættir síðan við, sest við borðið, hramsar í sig flögur, þambar risakók og byrjar að gráta. Ljós dofna.

3. mynd

HADDI og GUNNUR koma inn. Þau eru útbíuð í málningu.

HADDI: Allt snakahvitt. Gólf og veggir. Þú hlýtur að hafa verið ísbjörn í fyrra lífi.

GUNNUR: Ég er þyrst.

HADDI: Konan mín á alltaf tíu lítra af kóki í ísskápnum.

GUNNUR: (lítur inn í ísskápinn.) Pylsur og kók, er það matseðillinn?

HADDI: Hamborgari og franskari á sunnudögum.

GUNNUR: Áttu ekki brauð og ost?

HADDI: Jú, ef það er ostborgari.

GUNNUR: Ég hleyp út í búð og kaupi brauð og ost. Búðu til kaffi á meðan.

SIGURÐUR: (*kemur inn.*) Sælt veri fólkið! (*Horfir á eftir GUNNI.*) Hver er þetta?

HADDI: Gláptu ekki úr þér augun, maður.

SIGURÐUR: Hvaða drós er þetta?

HADDI: Dottningin af Saba.

SIGURÐUR: Mér datt í hug að það væri eitthvað svoliðis. Hvar er Gógó?

HADDI: Þú ert auðvitað genginn í Hjálparsveit skáta, alltaf að leita að týndu fólki?

SIGURÐUR: Þú mátt alveg bjóða mér sæti.

HADDI: Gjörðu svo vel, eldhússtóll. Hann er að vísu ekki gullhúðaður, en á fjórum fótum.

SIGURÐUR: Lánaðu mér glas.

HADDI: Þú ferð ekki í andaglas hér. Við höfum fengið alveg nóg af illum öndum.

SIGURÐUR: Hættu þessi bulli, drengur.

(*HADDI finnur glas handa SIGURÐI sem dregur upp flösku og hellir í glasið.*)

HADDI: Blandaðu þetta í belginn á þér, maður. Viltu kók?

SIGURÐUR: Nei, ekkert helvítis kók. Ég drekk ekki amerískt ropvatn.

HADDI: Lifrín í þér hlýtur að skellihlæja allan daginn.

SIGURÐUR: Mikið eruði djöfull leiðinleg!

HADDI: Ertu farinn að sjá tvöfalt? Við hver?

SIGURÐUR: Þú og hún mamma þín.

HADDI: Það er munur eða skemmtikraftur eins og þú.

SIGURÐUR: Hefurðu séð hana mömmu þína?

HADDI: Oft og mörgum sinnum.

SIGURÐUR: Var hún hér í nótt?

HADDI: Af hverju heldurðu það?

SIGURÐUR: Hún var ekki heima hjá sér.

HADDI: Hentirðu henni út, eða hvað?

SIGURÐUR: Hún var úti að skemmta sér.

HADDI: Og kom hún ekki heim?

SIGURÐUR: Hvað veit ég um það. Heldurðu að ég vaki heilu næturnar til að hleypa fólki inn sem getur ekki munað eftir því að taka með sér lykil. Það verður þá bara að standa úti.

HADDI: Af hverju ræðurðu þig ekki sem útkastara einhvers staðar? Það vantar alltaf svoleiðis hugsjónamenn.

SIGURÐUR: Hún hefur ekki komið hingað?

HADDI: Hún hefur ábyggilega verið lögð inn á spítala með óstöðvandi hláturkrampa eftir skemmtiatriðin þín. Eða kannski hefur hún drekkt sér í höfninni þér til heiðurs.

(SIGURÐUR rýkur á fætur, tekur í hálsmálið á skyrta HADDA og hristir hann í reiði. GUNNUR kemur í dyrnar með brauð og álegg í poka.)

GUNNUR: Hvað gengur á?

HADDI: Hann er bara of feiminn til að fara í vaxtarræktina, þess vegna kemur hann hingað til að leggja hendur á mig. Ef þér finnst hann ekki beint glaðlegur á svipinn þá er það vegna þess að hann er að reyna að slá gildandi heimsmet í óslitnum fýlusvip. Hann stefnir í Heimsmetabók Guinnessar, enda á hann þar hiklaust heima, ekki síður en maðurinn sem hrækti stanslaust í þrjú ár.

SIGURÐUR: Drengurinn er bullstrokkur. Og ekki hefur hann skánað á þessari loftpressu. Það hringla allar kvarnir lausar í hausnum á honum.

HADDI: Passaðu nú fýlusvipinn, þú gætir verið að missa af heimsmetinu.

GUNNUR: Þið eruð greinilega samrýndir feðgar.

SIGURÐUR: Gengur ekki hnifurinn á milli okkar. Má ekki bjóða þér smá hressingu? Komdu með glas, drengur. *(SIGURÐUR skenkir GUNNI í glas.)*

GUNNUR: Stopp, stopp, ekki svona mikið!

SIGURÐUR: Þú hefur gott af þessu. Þetta er mjög blóðaukandi. Gjörðu svo vel, skál.

GUNNUR: Skál.

SIGURÐUR: Við hvað vinnur þú, ef ég má spyrja?

HADDI: Hvað kemur þér það við, maður?

GUNNUR: Ég fæst við myndlist.

SIGURÐUR: Fæst við myndlist? Það er hægt að fást við allan andskotann.

HADDI: Þegar hann er búinn að drekka eina flösku af Sigurvímu þá fer hann líka á kaf í myndlistina - það er að segja: höggmyndalistina. Það eru ófá höggin sem hann hefur látið ganga.

SIGURÐUR: Hættu þessu bulli, drengur.

GUNNUR: Það sýður á katlinum, nennirðu að hella upp á?

SIGURÐUR: Nennirðu að hella upp á? Svona fara þær að þessu, nú til dags. Áður en þú veist af liggurðu á hnjánum og skúrar gólfín, drengur minn!

HADDI: Þú ert þá frá Heilbrigðiseftirlitinu þegar allt kemur til alls.

SIGURÐUR: Þú hefur ekkert séð til mömmu þinnar? Ég held hún sé orðin rugluð, konan.

HADDI: Ertu líka komin í geðheilbrigðismálin?

SIGURÐUR: Þú veist að hún er orðin trúnaðarmaður hjá Sókn eða hvað það nú heitir þetta glæpakvénafélag sem hún gekk í. Það gengur ekki á öðru en einhverjum helvítis námskeiðum.

HADDI: Alltaf jafn stoltur af sínum nánustu. Mér er það minnstætt hvað þú varst alltaf stoltur á vorin þegar ég kom heim með einkunnarbækurnar.

SIGURÐUR: Það er ekki mér að kenna að þú nenntir ekki að nota á þér hausinn.

HADDI: Dæmigerð hrósyrði. Þú veist að oflof er dulbúið háð?

GUNNUR: Eigum við að skipta um umræðuefni, af því ég sit nú hérna líka?

SIGURÐUR: Ég var með steinbít á miðvikudaginn.

GUNNUR: Í matinn?

SIGURÐUR: Eru ekki hringormur í steinbítum? spurðu kerlingarnar. Já, auðvitað eru hringormur í steinbít, sagði ég, það er alltaf hringormur í steinbít. Þá ætlum við að fá eitthvað annað, sögðu þær, áttu ekki eitthvað ormalaust?

GUNNUR: Ertu fisksali?

HADDI: Auðvitað er hann fisksali.

SIGURÐUR: Ég fór út í kirkjugarð og tindi fulla dós af ánamöðkum. Stórum, feitum kirkjugarðsmöðkum. Þegar sú næsta spurði hvort það væri ekki ormur í steinbítinum rak ég dolluna upp að nefinu á henni og spurði hvort hún vildi taka þá með heim eða neyta þeirra á staðnum.

GUNNUR: Þú ert ekki hræddur um að missa viðskiptavinum?

SIGURÐUR: Nei, nei, þær koma þrisvar á dag að skoða vitfirringinn. Eruð þið farin að sofa saman?

HADDI: Pabbi, þetta er orðið fínt hjá þér, þú ert útskrifaður, þú þarft ekki að setja heimsmet í ruddaskap á hverjum degi.

SIGURÐUR: (*Réttir HADDA fimmbúsundkall.*) Farðu út og borgaðu leigubílinn. Ég var búinn að gleyma helvítis bílnum. (*Við GUNNI.*) Mér líst vel á þig.

HADDI: Köllum á blaðamann og ljósmyndara! Hann brosti! Heimsmetshafinn í fylusvip brosti! Kyrr nákvæmlega svona, heimsmetshafi, ég ætla að sækja ljósmyndara! (*HADDI hleypur út.*)

SIGURÐUR: Er eitthvað á milli ykkar?

GUNNUR: Ég er að flytja inn hérna uppi.

SIGURÐUR: Er nokkur von að þú getir komið honum til manns? Ekki tókst mér það.

GUNNUR: Ég bara þekki hann ekki.

SIGURÐUR: Hún er hræðileg, þessi Gógó. Ég fæ svimaköst þegar ég hlusta á hana. Reyndar þoli ég ekki konur nálægt mér of lengi í einu. Það er ágætt að fá drátt, fá sér smá blund, en hypja sig svo aftur um borð. Aldrei er ég fegnari en þegar ég sleppi endanum og kemst aftur út á sjó, laus við naggið.

GUNNUR: Ertu ekki fisksali?

SIGURÐUR: Minnstu ekki á það helvíti!

GUNNUR: Þú varst sjómaður?

SIGURÐUR: Þú skilur mig, semsé?

GUNNUR: Það held ég ekki.

SIGURÐUR: Það er ekkert skrítið. Ég skil mig ekki einu sinni sjálfur. (*SIGURÐUR hallar sér fram á borðið.*) Ég skil strákinn hins vegar að vilja sofa hjá þér. (*HADDI*

birtist.) En sama gildir - ég mundi flýta mér aftur út á sjó um leið það tæki af.

HADDI: Hættur að brosa? Ljósmyndarinn mættur á staðinn og heimsmeistarinn hættur að brosa! Hver voru andlátsorðin?

SIGURÐUR: Þegiðu nú einu sinni, strákhvolpur!

HADDI: Ég vona að hann hafi ekki sagt þér ævisöguna? Það verður að ritskoða allt sem frá þessum manni kemur.

(HAFFI réttir SIGURÐI afganginn af peningunum, en SIGURÐUR bandar frá sér.)

SIGURÐUR: Eigðu afganginn, strákur.

4. mynd

HADDI, GÓGÓ OG GUNNUR eru að búa sig á skólaslitaball í Myndlistarskólanum. GÓGÓ er að máta galla sem GUNNUR hefur greinilega hannað og saumað.

GÓGÓ: Get ég farið í þessu?

GUNNUR: Þú ert æði í þessu, Gógó.

GÓGÓ: Hvað finnst þér, Haddi?

HADDI: Fínt.

GUNNUR: Hættu að glápa á þennan fótbolta og farðu að koma þér í leppana!

HADDI: Þessir gaukar fá hundrað milljón á ári fyrir að hlaupa um á nærbuxunum og sparka leðurtuðru.

GÓGÓ: Þetta eru nú miklar æfingar.

HADDI: Iss, þetta er bara fukk. Um leið og ég slekk á sjónvarpinu læðast þeir út á bjórkra og drekka sig á herðablöðin.

GÓGÓ: Er ég svona vitlaus, ertu að segja mér það? Er ég svona vitlaus?

GUNNUR: Slakiði á! Haddi, má ég sjá hattinn á þér.

HADDI: Ég er eins og fullkominn fábjáni með þetta.

GUNNAR: Þú skalt gjöra svo vel að hafa hann á höfðinu. Ég hafði fyrir því að stela þessum hatti.

HADDI: Er þetta ekki hommahattur?

GUNNUR: Og þó svo væri?

HADDI: Eru eintómir hommar í þessum skóla?

GUNNUR: Ertu skelfingu lostinn - heldurðu að þeir fari að reyna við þig?

HADDI: Þú ert kannski lesbía?

GÓGÓ: Hættu þessu, Haddi!

GUNNUR: Og hvað með það - ef ég væri lesbía - þá hvað?

GÓGÓ: Þú ert ekki lesbía, Gunnur?

HADDI: Auðvitað er hún lesbía, af hverju heldurðu að hún sé alltaf að klappa þér og strjúka?

GÓGÓ: Þú ert ekkert lesbía?

HADDI: Af hverju heldurðu að hún búi ein hérna uppi á lofti? Hefurðu séð karlmann hjá henni? Manneskjan er snaröfug!

GUNNUR:(*slær HADDA utanundir.*)Haltu kjafti!

HADDI: Hey, má ekki grínast?

GUNNUR: Ekki um mína persónu. (*Þögn. HADDI rýkur út, skellir á eftir sér.*)

GÓGÓ: Hann var bara að grínast. Hann meinti þetta ekkert.

GUNNUR: Það er ekki hægt að segja hvað sem er við fólk.

GÓGÓ: En þú ert ekki lesbía, er það nokkuð?

GUNNUR: Gógó, - væri ég önnur manneskja ef ég elskaði konur?

GÓGÓ: Já, það finnst mér. Þá værir þú lesbía. En þú ert ekkert lesbía.

GUNNAR: Það skiptir engu máli. (*Dok.*) Gógó, af hverju læturðu traðka á þér?

GÓGÓ: Læt ég traðka á mér?

GUNNUR: Hvað finnst þér sjálfri?

GÓGÓ: Ég veit það ekki... stundum ... þú veist ... hann verður æstur og vondur... en svo

sér hann eftir því...

GUNNUR: Það er svo auðvelt að sjá eftir öllu. Ég er algjört asni. Fáum okkur meira rauðvín.

GÓGÓ: Á ég að fara og reyna að tala við hann?

GUNNUR: Nei, ég skal ... Hættum ekki á að hann skemmi dressið þitt. Ég skal tala við kauða. (*GUNNUR fer.*)

JÓNA: (*birtist. Litast um.*) Jæja, það er þá hér. Ég ætlaði aldrei að finna húsið.

GÓGÓ: (*rykur á móti JÓNU. Faðmar hana að sér í einhverri taugaveiklun.*) Jóna mín, ég var alveg viss um að þú myndir villast.

JÓNA: (*hlær.*) Ég villtist líka, manneskja! En nú er ég hér. Hvar er barnið? Er hún sofandi.

GÓGÓ: Hún steinsefur. Ég baðaði hana og gaf henni vel að borða. Hún ætti ekki að rumska í allt kvöld.

JÓNA: Þetta mundi ég líka segja ef ég þyrfti að telja kjark í barnapíuna. Ég er himinlifandi að þið skylduð muna eftir mér.

GÓGÓ: Við vorum búin að reyna alla sem við þekkjum, þá datt Hadda í hug að hringja í þig.

JÓNA: Eins gott að hann var ekki búinn að gleyma mér, það er nú ekki lengra en síðan í gær að ég skipti um bleyju á honum. Hvar er strákhvolpurinn?

GÓGÓ: Hann er inni í svefnherbergi - í fýlu.

JÓNA: En sniðugt - er hann svona að undirbúa kvöldið?

GÓGÓ: Hann var sleginn utanundir.

JÓNA: Nú, og hver sló hann? Þú?

GÓGÓ: Nei, stelpan sem býr hérna uppi. Hann var að kalla hana lesbíu.

JÓNA: Þú segir ekki. Það mætti halda að hann væri sonur hans pabba síns. (*GUNNUR birtist ásamt HADDA.*)

GUNNUR: Gott kvöld. (*GUNNUR og JÓNA heilsast með handabandi.*) Ég heiti Gunnur.

JÓNA: Jóna. Ég passaði hann Hadda stundum þegar hann var krakki. Hann sá um að tæma Makkintosdósirnar mínar. Skildi stundum eftir tvær seigar karamellur handa mér.

HADDI: Ég skildi alltaf eftir þrjár seigar karamellu!

GÓGÓ: Haddi, vektu ekki barnið!

HADDI: Barnið er glaðvakandi, manneskja! Hún er að steypa sér kollskít í rúminu.

JÓNA: Er hún nokkuð lík honum pabba sínum?

GÓGÓ: Hún er alveg eins og hann pabbi sinn.

JÓNA: Guð hjálpi barninu! (*JÓNA fer að hugga barnið.*) Jæja, þá fæ ég að kynnast yngsta þrjóskuhausnum.

HADDI: Á ég að hafa bindi?

GÓGÓ: Auðvitað hefurðu bindi.

HADDI: Ég er ekki að tala um pungbindi.

GÓGÓ: Ég veit það!

GUNNUR: Bíddu aðeins með bindið! Ég ætla að hlaupa upp og sækja svoldið.
(*GUNNUR hleypur út.*)

GÓGÓ: Hvað sagði hún við þig?

HADDI: Hvað sagði hver við mig?

GÓGÓ: Eitthvað hlýtur hún að hafa sagt, ekki hefðirðu komið ef ég hefði beðið þig.

HADDI: Þú heldur ekki?

GÓGÓ: Nei. Hvað sagði hún?

HADDI: Hún sagði nákvæmlega ekki neitt.

GÓGÓ: Heldur hvað?

HADDI: Hún kyssti mig.

GÓGÓ: Kyssti hún þig?

HADDI: Heldurðu kannski að við höfum verið að ríða? Við vorum bara að kysstast.
(*GÓGÓ byrjar að gráta. Fleygir sér á grúfu á gólfíð.*) Hún er lesbísk, láttu ekki svona. Hún er fyrir kellingar, það er ekkert að óttast.

GUNNUR: (*Kemur hlaupandi með stórteinóttar buxur og lafafrakka.*) Hérna, farðu í

þennan frakka! (*Sér ástandi á GÓGÓ.*) Hvað nú? Af hverju er hún aftur farin að grenja? Hvað gerðist?

HADDI: Bara þetta vanalega. Nákvæmlega ekki neitt. Það gerist nákvæmlega ekkert. Og ekkert gerist aftur og aftur. Alltaf aftur og aftur.

(*GUNNUR hristir höfuðið í uppgjöf.*)

5. mynd

JÓNA að gæta barnsins. Hún situr, les Vikuna og drekkur kaffi. SIGURÐUR birtist.

JÓNA: Ég hélt það væri draugur, þá ert það þú, Sigurður minn. Komdu inn fyrir, hættu að hita upp himingeiminn. Ég er að passa fyrir krakkagreyin, þau skruppu á ball. Það gekk nú ekki hljóðalaust fyrir sig, en á ballið fóru þau.

SIGURÐUR: Þá vantar ekki aurana.

JÓNA: Þig vantaði nú heldur ekki aurana í gamla daga þegar böllin og brjóstbirtan voru annars vegar.

SIGURÐUR: Hvað þykist þú vita um það, kerling!

JÓNA: Ég hef mína heimildarmenn.

SIGURÐUR: Jæja, hefurðu það. (*Þögn.*) Áttu kaffisopa?

JÓNA: Þótt þú hefðir ekki nefnt það. Mjólkk úti?

SIGURÐUR: Mjólkk er fyrir kálfa.

JÓNA: Það er þín skoðun, Sigurður minn.

SIGURÐUR: Ég er ekki Sigurður þinn.

JÓNA: Nei, og það er nú eins gott. Og Ásta ekki komin heim ennþá?

SIGURÐUR: Hvað veist þú um það?

JÓNA: Allt, Sigurður minn. Ég veit allt um það.

SIGURÐUR: Nei, þú veist ekkert í þinn haus.

JÓNA: Þú ættir að skammast þín fyrir hvernig þú kemur fram við hana Ástu.

SIGURÐUR: Ég veit ekki hver fjandinn gengur að manneskjunni.

JÓNA: Það gengur ekkert að þér?

SIGURÐUR: Gengur eitthvað að mér þegar *hún* hagar sér eins og fífl?

JÓNA: Og hvernig fer hún að því - að haga sér eins og fífl, ef ég má leyfa mér að spyrja?

SIGURÐUR: Það stendur allt á haus, ekkert lengur á réttum stað.

JÓNA: Hvað meinarðu með því?

SIGURÐUR: Það er ekkert heimilishald lengur, manneskjan út um hvippinn og hvappinn eins og þeytisþjald, enginn sem ber ábyrgð á þvotti, matseld eða þrifum.

JÓNA: Ekki ætlastu til að hún Ásta hangi heima yfir engu, síst af öllu ef fiskbúðin gefur nú lítið af sér.

SIGURÐUR: Hver segir þér að fiskbúðin gefi lítið af sér?

JÓNA: Svipurinn á þér segir mér það. Þú átt ekki að vera að reka fiskbúð. Þig skortir alla þjónustulund.

SIGURÐUR: Ætlar þú að fara að segja mér hvað ég á að gera og hvað ég á ekki að gera?

JÓNA: Það er þegar menn vilja ekki leggja það á sig að vera almennilegir og brosa framan í kúnnann, þá eiga þeir ekki að reka fiskbúð.

SIGURÐUR: Ég hef haft yfir mönnum að segja allt mitt líf og mér hefur verið hlýtt möglunarlaust. Nú á maður allt í einu að vera allur á hjólum að þóknast einhverju helvítis pakki sem aldrei hefur unnið ærlegt handtak! Ég hef andstyggð á því að þjóna undir rassgatið á öðru fólki.

JÓNA: Þig skortir auðmýkt hjartans, Sigurður minn.

SIGURÐUR: Jæja, kerlingartrunta, vantar mig ekkert annað en auðmýkt hjartans!

JÓNA: Hún Ásta hefur elskað þig meira en nokkurt vit er í - allavega meira en þú átt skilið. Og þú skalt fara að gæta að þér - það er of seint að iðrast eftir dauðann, það ættir þú að vita maður á þínum aldri.

SIGURÐUR horfir á JÓNU andartak. Felur síðan andlitið í höndum sér. Situr þannig á meðan ljósin dofna. Hann grætur.)

6. mynd

HADDI situr húsbóndastólnum. Hann er greinilega í magnaðri fýlu. GÓGÓ er að kveðja JÓNU í dyrunum. Allt er óvenju snyrtilegt í íbúðinni.

GÓGÓ: Jóna, taktu við peningnum, auðvitað borgum við bíl undir þig.

JÓNA: Þú hefur meira við þessa aura að gera en ég, góða mín.

GÓGÓ: Ég veit ekki hvernig ég á að þakka þér, Jóna mín.

JÓNA: Reyndu að púrta þennan fýlupoka þarna dálítið upp, það er ágæt innborgun. Góða nótt, krakkar mínir.

GÓGÓ: Góða nótt, Jóna mín, og þakka þér alveg ofsalega vel fyrir.

JÓNA: Góða nótt, Haddi litli!

(HADDI lyftir handleggnum. Dyrnar lokast á eftir JÓNU. GÓGÓ fer í kæliskápinn, sækir sér risakók, þambar af stút.)

HADDI: Hættu þessu helvítis kókþambi! Þú hleypur spik!

GÓGÓ: Það er óþarfi að vera í fýlu út í mig, ekki gerði ég þér neitt.

HADDI: Vertu fituklessa eins og hún mamma þín.

GÓGÓ: Haddi minn, ekki var ég að biðja þig um að fara á þetta ball. Og ég get sagt þér það núna, mér fannst ekkert gaman. Ég fíla alls ekki þetta fólk.

HADDI: Hvaða helvítis fólk fílarðu þá!

GÓGÓ: Bara eðlilegt fólk. Þetta er ekki eðlilegt fólk. Heldurðu að þetta sé eðlilegt fólk? Ég get ekki séð að þetta sé eðlilegt fólk.

HADDI: *(Pirraður.)* Haltu kjafti!

GÓGÓ: Af hverju ertu að segja mér að halda kjafti? Ekki var ég að biðja þig um að fara. Ekki var ég að stríða þér. Sama er mér hver hann var þessi Fann Kokk. Sama er mér hvort hann skar af sér eyrað eða nefið. Hvaða máli skiptir það? Ég skil bara ekki af hverju þú ert að láta æsa þig svona upp. Hvaða máli skiptir það hvort maðurinn skar af sér eyrað eða nefið? Mér finnst það ekki skipta nokkru máli. Maðurinn hlýtur að hafa verið bilaður hvort sem er. Skiptir þá máli hvort hann skar af sér eyrað eða nefið?

HADDI: Hann skar bara ekkert af sér nefið!

GÓGÓ: Þú trúðir því samt þegar maðurinn sagði það.

HADDI: Mig minnti það.

GÓGÓ: Það er það sem ég er að segja: hver man hvort einhver brjálæðingur sker af sér eyrað eða nefið?

HADDI: Þegiðu!

GÓGÓ: Ástæðulaust að fara að slást við manninn þess vegna. Oft lýgur þú að mér.

HADDI: Drekkstu meira kók.

GÓGÓ: Af hverju á ég að drekka meira kók? Varstu ekki að banna mér að drekka meira kók?

HADDI: Þú þegir þá á meðan.

GÓGÓ: Ég skal þegja. (*Þögn.*) Ég skal þegja!

HADDI: Þegiðu þá!

GÓGÓ: Ég þegi bara ef mér sýnist!

HADDI: Þú ferð í taugarnar á mér!

GÓGÓ: Gunnur fer ekki í taugarnar á þér. Hún fer ekki taugarnar á þér! (*Þögn.*) Þú elskar mig ekkert! (Löng þögn. GÓGÓ er að vonast eftir því að HADDI iðrist og *sættir takist með venjulegum hætti.*) Þú bara elskar mig ekki lengur. Haddi, er það satt, elskarðu mig ekkert lengur?

HADDI: Í fyrsta skipti í tvö ár er ekki allt á öðrum endanum hér inni. (*Sækir áfengisflösku í kæliskápinn.*) Það mætti halda að einhver hefði tekið til hendinni þegar húsmóðirin var að heiman.

GÓGÓ: Ætlarðu að fara að drekka meira?

HADDI: Farðu að sofa.

GÓGÓ: Ég var að spyrja þig spurningar!

(*HADDI blandar sér í glas. Sest.*)

Haddi!

HADDI: Þegiðu!

(Þögn.)

GÓGÓ: Elskarðu mig ekkert lengur? Haddi, svaraðu mér! Elskarðu mig ekkert lengur?

(Haddi rýkur á fætur. Grýtir glasinu í átt að GÓGÓ. Hún flýr undan honum inn í svefnherbergið. Hann gengur berserksgang. GUNNUR birtist.)

GUNNUR: Hvað gengur eiginlega á? *(Ekkert svar.)* Haddi, það voru allir hrifnir af þér. Sögurnar úr malbikinu voru frábærar. Þú sagðir ýmislegt sem þú vissir og þú vissir margt sem enginn annar vissi. Þú hefur reynt ýmislegt sem þessir krakkar hafa ekki reynt. Þú varst fyndinn og þú varst falletgur. En svo fórst að þykjast vita það sem þú vissir ekki. Það er heimskulegt að þykjast vita það sem maður veit ekki. Maður þarf ekki að skammast sín fyrir að vita ekki alla hluti. Það er bara bjánalegt að þykist þekkja Cézanne og Walter Gropius þegar maður hefur ekki hugmynd um hverjir þessir gaurar voru eða hvað þeir gerðu. Hver getur láð fólki þótt það gangi á lagið og reyni að gera dálítið meira fífl úr manni sem sjálfur keppist við að gera sig að fífli?

HADDI: Ertu búin?

GUNNUR: Ég sá það í kvöld, þú ert þjakaður af minnimáttarkennd. Af hverju er það? Þú vilt kunna skil á hlutunum, en þú nennir ekki að afla þér þekkingar! Þú notar ekki þær gáfur sem Guð gaf þér. Þú ert eins og maður sem á fullt veski af peningum en tímir ekki að kaupa sér mat að éta og sveltur í hel! Þú nöldrar bráðskemmtilega, en nöldur er í eðli sínu neikvætt, það er andstætt framtakinu, gleðinni, hamingjunni. Komdu þér á fætur, drengur, stattu í fæturna og reyndu að gera eitthvað sem þú getur verið stoltur af! Ætlarðu að vera að manni eða bara sitja hér og vorkenna sjálfum þér alla ævi? Ég hata þetta sjálfsdekur, þessa mæðarlegu andlegu leti! Gerðu eitthvað, maður!

HADDI slær til GUNNAR og hittir hana í andlitið. Það lagar blóð úr sprunginni vör. HADDI kastar sér niður og grætur. GUNNUR kemur til hans og þau kyssast áfergjulega.

7. mynd

HADDI blaðar í myndabók. GUNNUR er að mála mynd af honum.

HADDI: Af hverju byggðu mennirnir skakkan turn?

GUNNUR: Þeir byggðu ekki skakkan turn, þeir byggðu beinan turn, en svo byrjaði hann að hallast.

HADDI: Og hvenær dettur hann?

GUNNUR: Hann dettur ekki. Það er búíð að gera allskonar ráðstafanir til þess að hann hrynji ekki, styrkja grunninn, steypa niður ankeri og setja á hann keðjur.

HADDI: Ég ætla að verða arkitekt! Einbeita mér að skökkum turnum. Byggja skakka turna út um allt. Ég ætla að byggja svo marga skakka turna að menn fari að líta á skakka turna sem eðlilegan hlut. Að lokum verður allt skakkt, húsin og ljósastaurarnir, bílarnir aka á tveimur hjólum og fólk hoppar á öðrum fæti kolskakkt með höfuðið út á öxl og ...

GUNNUR: Sittu kyrr, ég er að mála þig, maður!

HADDI: Á ég að sitja kyrr þegar þér dettur í hug?

GUNNUR: Já.

HADDI: Ég kann ekki lengur að læra. Þeir hlæja að mér, þessir andskotar, þegar ég birtist. Hvað manstu af algebrunni, vinur? Hver er kvaðratrótin af heimsku þinni, hí, hí, hí? Við skítfellum svona skítalabba.

GUNNUR: Ætlarðu að flýja einu sinni enn?

HADDI: Ég vil byggja skakka turna, ekki ganga í neinn helvítis skóla.

GUNNUR: Jafnvel skakkir turnar verða að hafa undirstöðu.

HADDI: Kysstu mig.

GUNNUR: Vertu kyrr! Haddi ...

(Ásta kemur inn.)

ÁSTA: Er ég að trufla?

HADDI: Já, greinilega.

ÁSTA: Ég biðst forláts. Hvar ætlarðu að bjóða mömmu gömlu sæti?

HADDI: Ég var að hugsa um að biðja þig um að koma seinna.

GUNNUR: Hlustaðu ekki á hann, Ásta. Taktu af þér. Gott að sjá þig.

HADDI: Við ætluðum nefnilega að fara að ríða, mamma mín.

ÁSTA: Fyrst svo er, Haddi minn, þá ætla ég að segja þér það strax í óspurðum fréttum að hann Sigurður faðir þinn hefur tekið hamskiptum.

HADDI: Þú segir ekki. Kannski orðinn kristinn eða kominn á Klepp?

ÁSTA: Nei, hvorugt. Þau Gógó eru hins vegar farin að hokra saman. Það er nú hvorki meira né minna.

GUNNUR: Þið talið saman. Ég ætla að skreppa upp.

HADDI: Nei, nú verður þú kyrr!

ÁSTA: Það er ágætt að hún heyri þessa frábæru skrýttu til enda. Hver haldið það að eldi matinn ofan í parið? Það gerir hann Sigurður! Hausinn af mér ef ég lýg. Hann Sigurður eldar matinn ofan í þau bæði.

HADDI: Þá eiga nú hvorugt langt eftir ólifað.

ÁSTA: Merkileg breytingin á einum manni, segir hún Jóna. Hann Sigurður er bara farinn að setja í spjarinnar af þeim báðum og barnsunganum í þvottavélina. Að vísu setur hann allt á suðu karlálkan, bæði hvítt og mislitt, þannig að lítið er víst eftir af hvítu, en viðleitnin er einlæg, það segir hún Jóna. Og ýsuna brasar hann af mesta myndarskap. Að vísu hefur þrisvar verið kallað á slökkviliðið til að reykkræsta, en viðleitnin er söm, það segir hún Jóna.

HADDI: Er hann þá ekki í sífelldri Sigurvímu?

ÁSTA: Það fylgir sögunni að nú láti hann sér nægja eitt, tvö glös fyrir framan sjónvarpið þegar barnið er sofnað. Það er eitthvað annað en kófið sem var á honum, karltuskunni.

HADDI: Ætlarðu þá ekki að fara að pilla þig heim til keppa um hönd þessa sómamanns?

ÁSTA: Hann hugsar þetta nú held ég fyrst og fremst sem millileikur í stöðunni, skilurðu.

HADDI: Nei, ég skil það ekki. Hver heldurðu að skilji fólk eins og ykkur?

ÁSTA: Þetta er nú auðskilið. Hann hugsar þetta þannig: Taki ég stelpuna hér inn verður hún Ásta brjáluð af afbrýðisemi, kemur askvaðandi, fleygir stelpunni á dyr og rýkur upp um hálsinn á mér. Nú, ellegar Haddi kemur alveg trompaður að sækja barnsmóður sína og slær mig í rot og þá verð ég lagður inn á sjúkrahús og þá birtist hún Ásta mín með kaldan bakstur að setja við ennið á mér og allt verður aftur eins og ekkert hafi gerst. Þannig hugsar hann, kallsauðurinn.

HADDI: Kannski er þetta bara ágætt svona.

ÁSTA: Finnst þér það?

HADDI: Ekki ætla ég að fara að spilla þessari finu sambúð þeirra.

ÁSTA: En ef ég bætti því nú við söguna að Gógó sé ófrísk?

(GUNNUR sprettur á fætur.)

HADDI: Þetta er bara lygi!

ÁSTA: Nei, þetta er engin lygi.

HADDI: Gunnur, vertu kyrr!

ÁSTA: Leyfðu henni að fara.

(*GUNNUR hleypur út.*)

HADDI: Af hverju stendur þú með Gógó?

ÁSTA: Af því hún er veiklundaður aumingi eins og ég.

HADDI: Hvenær varð hún ólétt?

ÁSTA: Hún er komin fjóra mánuði á leið.

HADDI: Þá byrjar allt aftur. Allt sem er ekkert aftur og aftur. Mamma, ég get þetta ekki! Ég ætla að byrja í skóla. Ég get þetta ekki!

ÁSTA: Elskarðu þessa stúlku hér uppi?

HADDI: Það kemur ykkur ekkert við!

ÁSTA: Ég ætla að fara aftur heim til hans pabba þíns. Veistu af hverju? Hann þarf á mér að halda. Ég er eina manneskjan í heiminum sem þekkti hann. Ég ein veit hvernig honum líður. Hann var eins og bátur með gaudrifin segl út á reginhafi. Þú ert eins og hann pabbi þinn.

HADDI: Hirtu þennan karlfjanda þinn og láttu mig í friði! Ég skal ekki verða eins og hann hvernig sem þið látið! Skriðið bara saman gegn mér, helvítin ykkar, ykkur skal ekki takast að gera út af við mig eins og Böðvar! Út með þig! Út með þig!

8. mynd.

GUNNUR kemur inn klyfjuð innkaupapokum. Byrjar að taka upp úr pokunum. HADDI birtist í veiðigalla, klofháum vöðlum, með veiðihatt, veiðitösku, veiðistöng og háf. Hann læðist aftan að GUNNI og grípur hana í háfinn.

GUNNUR: Er ekki allt í lagi með þig?

HADDI: Smátittur! Tekur því ekki að hirða hann! Missti þann stóra!

GUNNUR: Hvaðan kemur þetta dót?

HADDI: Hvaðan? Ég keypti það. (*Þögn.*) Svona, enga fýlu.

GUNNUR: Enga fýlu? Keyptirðu þetta drasl fyrir síðustu mánaðarlaunin þín – kannski meira til?

HADDI: Kallarðu þessar vöðlur drasl?

GUNNUR: Ertu ekki að fara í skóla?

HADDI: Ætlastu til að ég einn sé eins og lúði í Nókía fjósastígvélum upp á bakka þegar strákarnir eru allir þrælgræjaðir út í miðri á?

GUNNUR: Við þurfum á þessum peningum að halda. Við ætluðum að lifa á þessum peningum í vetur.

HADDI: Ertu ekki listamaður? Af hverju ertu allt í einu að hugsa um peninga? Spara peninga. Geyma peninga. Eiga peninga á bók. (*Þögn.*) Þú er kannski ólétt líka?

GUNNUR: Nei, ég er ekki ólétt!

HADDI: (*reynir að gera gott úr öllu saman.*) Gunnur, þetta reddast. Þetta eru topp græjur. Ég mokfiska. Kem heim með þrjátíu laxar. Það verður lax í matinn í allan vetur.

GUNNUR: Hættu þessum fíflalátum. Þetta er peningar sem við ætluðum að geyma.

HADDI: Ég get alltaf fengið vinnu ef við verðum blönk. Haddi sterki er snillingur á loftpressu. Tarzan kemst ekki með tærnar þar sem Haddi hefur loftpressuhælana. Súpermanni svelgist á loftpressusúpunni þegar nafn Hadda er nefnt. Ef okkur vantar pening skrepp ég smástund og sýni snilli mína á loftpressu.

GUNNUR: Ég hélt þú hefðir ætlað að nota þessa daga til að undirbúa þig? Ætlaðu í þetta veiðirugl í staðinn?

HADDI: Af hverju er það rugl að fara með vinum sínum að veiða?

GUNNUR: Af hverju ertu ekki búinn að vaska upp?

HADDI: Erum við að tala um uppvask?

GUNNUR: Ég nenni ekki að elta þessa úldnu sokka þína út um alla íbúð á hverjum degi.

HADDI: Erum við að tala um úldna sokka?

GUNNUR: Lætur einhverja stráka spila þig upp í að eyða aleigunni í einhverja laxagræjur. Og voða fint veiðileyfi. Það mætti halda að þú værir milljónamæringur.

HADDI: Skiptu þér ekki af þessu!

GUNNUR: Nei, ég skal hætta að skipta mér af þér. Hafðu bara þína hentisemi. Þú stendur

hvort sem er aldrei við orð af því sem þú lofar. Mér er sama þótt þú bregðist mér, ég á ekki betra skilið svona auðtrúa fífl. Mér finnst miklu verra að þú ert að bregst sjálfum þér!

HADDI: Slappaðu af, manneskja! Þetta er ekki svona grafalvarlegt.

GUNNUR: Nei, þér finnst það ekki grafalvarlegt að ganga á bak orða þinna?

HADDI: Ég er búinn að ákveða að vinna í vetur. Þú ert í skóla; það er nóg.

GUNNUR: Er það nóg? Fyrir hvern?

HADDI: Ég vinn í vetur, og við höfum það fínt.

GUNNUR: Ertu svona takmarkaður! Ég vil ekki hafa það fínt, ég vil að þú gerir eitthvað fyrir sjálfan þig. Ég vil að þú farir í skóla og lærir það sem þú vilt læra, svo þú verðir ekki óhamingjusamur. Er þetta svona flókið?

HADDI: Ég er ekki óhamingjusamur. Mér líður vel með þér.

GUNNUR: Það skiptir ekki máli hvernig þér líður með mér. Það skiptir máli hvernig þér líður með sjálfum þér! Skilurðu ekki neitt?

HADDI: Ókei, verum hreinskilin. Staðreyndin er sú að ég nenni ekki að gera neitt sem er erfitt. Sumt fólk er bara svoleiðis.

GUNNUR: Er það kjarni málsins að þú nennir ekki?

HADDI: Ég er ekki óhamingjusamur – mig langar til að lifa lífinu með þér.

GUNNUR: Að takast aldrei á við neitt - að gefast alltaf upp fyrirfram - er það að lifa lífinu? Hvað með skökku turnana sem þú ætlaðir að byggja?

HADDI: Mér þykir gaman að veiða lax.

GUNNUR: Þá skaltu fara að veiða lax með strákunum, Haddi, gerðu bara það sem þér þykir gaman, skemmtu þér við að gera það sem þú getur gert sofandi.

HADDI: Ég þarf að borga meðlag með barni, skilurðu!

GUNNUR: Ef þetta snýst um peninga þá skal ég bjarga því.

HADDI: Það eru ekki allir sem geta leyft sér að vera blankir listnemar. Engin smá forréttindi að geta skroppið upp á lögfræðiskrifstofu til pabba gamla þegar illa árar. Peningafólkið getur leyft sér að vera rosalega einbeitt í því að vera vel heppnað. Það er engin smá hugsjón að vera með lykkju í klofinu á fullu að bjarga glötuðum sálum!

(DOK.)

GUNNUR: Hvað hef ég verið að gera hér?

HADDI: Gunnur, fyrirgefðu! Hvert ertu að fara?

GUNNUR: Snertu mig ekki! Farðu frá mér!

HADDI: Ég skila þessu græjudrasli. Vertu ekki svona andskoti leiðinleg! Ég fer ekki með strákunum. Ég lofa því!

GUNNUR: Ég vona að þér farnist vel, Haddi.

HADDI: Gunnur, Gunnur! Ég elska þig! Hlustaðu á mig!

(GUNNUR skellir á eftir sér. Haddi tekur veiðistöngina og lemur henni í gólfíð eins og hann sé að húðstrýkja einhvern. Andskotinn! Andskotinn! Andskotinn!

SIGURÐUR birtist. HADDI tekur loks eftir föður sínum. Hann heilsar honum að indíánasið.

9. mynd

SIGURÐUR: Ég ætlaði rétt að líta inn.

HADDI: Gakktu inn í tjaldbúðirnar, Þunga Mokkaína. Við vera einir indíána til svæðis. Bleiknefjar langt í burtu. Tylltu þér, Þunga Mokkaína. Verndu þig við varðeldinn í köldu nóttinni.

SIGURÐUR: Stúlkan er hjá mér, þú veist það.

HADDI: Margar stúlkur í þessa heimi.

SIGURÐUR: Ég vil ekki að þú misskiljir neitt.

HADDI: Fljótur að flýja hræddur við Loftpressur ekki misskilja Þunga Mokkaína.

SIGURÐUR: Krakinn hefur það ágætt. Hún hefur stækkað, stelpan. Hvað er þetta? Er þetta ekki mynd af þér?

HADDI: Það vera fæðingarvottorð hins ófædda.

SIGURÐUR: Þetta er nú bara helvíti líkt þér, drengur.

HADDI: Nei, þetta ekki vera líkt mér, Þunga Mokkasína!

SIGURÐUR: Þetta er góð mynd.

HADDI: Þú vita ekki neitt um Fljótur að flýja hræddur við loftpressur!

SIGURÐUR: Þú ert nákvæmlega sama ólíkindatólið og hún móðir þín.

HADDI: Þunga Mokkasína alltaf hafa mjög mikla áhuga á aðra fólk, mjög sérstaklega sína barna og kellingar.

SIGURÐUR: Meðan ég man, Haddi, það var verið að bjóða mér sjö tonna báthorn til kaups. Spottprís. Ágætisbátur. Það er ekki fyrir heilvita menn að standa í þessari fiskbúð upp á hvern dag. Það er hægt að fá einhverja vitleysinga í það. (*Sigurður dregur upp pyttlu.*)

HADDI: Þykja Þunga Mokkasína ekki nóg að drekka eldvatn í landi, vilja hann líka vera fullur út á sjó?

SIGURÐUR: Milljón hafði hann Maggi Hannesar upp úr sér á grásleppunni í sumar. Og þetta er engin vinna. Dóla upp í landsteinum í blíðunni. Hvað segirðu um að við festum okkur bátinn og gerum hann út í félagi?

HADDI: Ég ekki eiga neina peninga, ekki geta keypt trilla.

SIGURÐUR: Þú getur selt bílhreið, drengur.

HADDI: Fljótur að flýja hræddur við Loftpressur voða, voða sjóveikur, æla lunga og lifra.

SIGURÐUR: Það rjástlast af þér. Við getum selt okkar eigin fisk. Látum kellingarnar standa í búðinni.

HADDI: Ó, ég skilja, Þunga Mokkasína, kellingar vinna, við leika okkur á bátum!

SIGURÐUR: Við getum verið á skaki með grásleppunni. Ýsulóð á haustin. Fleygt þorskanetum hér inn í Bugt síðari part vetrar. Enginn leikaraskapur, ég er ekki að tala um það, en heldur ekki þetta daglega slítandi andskotans juð og nudd sem ætlar mann að drepa. Ekki verður þú á loftpressu alla ævi, drengur.

HADDI: Á Fljótur að flýja hræddur við Loftpressur að kreista grásleppu alla ævi?

SIGURÐUR: Ég þekki þig, karl minn. Þú vilt vera frjáls. Það viljum við báðir! Okkar eigin herrar! Það er gaman að veiða fisk. Enginn dagur eins. Margir dagar í hverjum sólarhring. Sjórinn aldrei sami sjórinn. Það er líf í loftinu, líf í sjónum og líf í skrokknum á manni! Ég vissi alltaf að þú færir ekki í langskólanám. Sá það á þér um leið og þú

fæddist. Það hentar þér ekki að grafa þig lifandi inni í skólastofu. Það er villimaður í augunum á þér. Ég skil þig fullkomlega. Það hentar mér heldur ekki að hanga innan við búðarborð. Kellingarnar geta séð um búðina, heimilið og krakkana. Haddi, við sjáum um öflunina og lifum eins og frjalsir menn! Það eru allt of margir orðnir að kellingum í þessu pappírsmarkaðfélagi!

HADDI: Þunga Mokkalína búin að útpæla allt saman. Stóri höfðingi og litli höfðingi frjalsir á miklu grænu gresjunni að elta sauðnautin, kellingar og krakkar heima í tjaldbúðum að skafa sinar og rækta tóbak. Við koma heim með veiðidýrin, drekka eldvatn, dansa stríðsdans og leggjast ofan á kellingar, reka í þær hvíta rýtinginn, hlaupa svo aftur út í mikla frelsið. Þunga Mokkalína vita hvað hann vilja! Fljótur að flýja hræddur við Loftpressur ekki alltaf vita hvað hann vilja!

SIGURÐUR: Auðvitað veistu það! Þú vilt vera frjals! Frjals maður! Andskotinn hafi það! Og það geta ekki allir verið frjalsir! Maður verður að velja! Viltu vera frjals! Allt í lagi, þá verður einhver annar að vera ófrjals! Þannig er lögmálið. Það geta ekki allir verið frjalsir. Maður verður að taka sitt frelsi. Það hlýtur alltaf að vera á kostnað einhvers!

10. mynd

GÓGÓ: Haddi vill fá strák. Hann verður grautfúll ef það kemur önnur stelpa. Mér finnst það ágætt á hann. Ég ætla að fá stelpu.

JÓNA: Það er sniðugt að slá tvær flugur í einu höggi, skíra barnið og gifta ykkur.

GÓGÓ: Hadda fannst það sniðugt þegar ég stakk upp á því. Hann hló ofsalega. Samþykkti að fá prest og ég veit ekki hvað.

JÓNA: Og Ásta og Sigurður koma bæði?

GÓGÓ: Já, þau eru búin að vera svo góð við mig. Guðmundur og Halla koma líka. Þau eru í bænum.

JÓNA: En Böðvar?

GÓGÓ: Haddi fór til hans í fyrradag. Hann er víst of veikur til að koma. Ég held það sé ekkert að honum.

JÓNA: Eitthvað er það nú, vina mín.

GÓGÓ: Hann þolir bara ekki foreldra sína. Þess vegna kemur hann ekki. Haddi segir að hann hafi það fínt þarna, liggi bara uppi í bæli eins og greifi og lesi bækur. Þetta er eins og á lúxushóтели, segir Haddi, nema auðvitað eru flestir geðveikir þarna.

(SIGURÐUR og ÁSTA ganga inn.)

JÓNA: Jæja, Sigurður, mikið var.

SIGURÐUR: Mikið var hvað?

JÓNA: Að ég sá þig í sparifötum. Þú ert aldeilis draugfínn.

SIGURÐUR: Er það eitthvað sem lífið snýst um að grobba sig í sparifötum?

JÓNA: Ég sagði nú bara að það væri gaman að sjá þig í sparifötum.

SIGURÐUR: Það mætti halda að það væri æðsta takmark í lífinu að grobba sig í sparifötum.

ÁSTA: Sigurður!

SIGURÐUR: Það er sama hvar maður kemur, alls staðar er þessi kerlingarbelja að gera athugasemdir.

JÓNA: Mikið er gott að heyra að þú ert hress og glaður, Sigurður minn. Það er allt annað hljóð í þér eftir að hún Ásta kom heim.

SIGURÐUR: Passaðu á þér nefið, kelli mín, svo það lendi ekki á milli stafs og hurðar.

JÓNA: Hver kenndi þér á þvottavélina, Sigurður minn?

SIGURÐUR: Það varst þú sem faldir leiðbeiningaspjaldið með vélinni! Ég læt þig borga allan þvottinn sem þú eyðilagðir fyrir mér!

JÓNA: (Hlær.) Hugsuð ykkur sauðsháttinn, maðurinn setti allt í einn graut, mislitt og hvítt, ullarpeysur og gallabuxur, og allt á suðu. Það er ekki á hann logið.

SIGURÐUR: Þú faldir leiðbeiningaspjaldið, viðurkenndu það kelling, annars siga ég á þig lögreglunni.

JÓNA: Þú verður sífellt skemmtilegri, Sigurður, bara hreint út sagt drepfyndinn. Má ég kyssa hann á kinnina Ásta?

ÁSTA: Það hefði ég nú haldið.

SIGURÐUR: Heyrðu, hættu þessu kossaflangsi kerlingarherfa!

JÓNA: Mér fannst assgoti gott hjá þér að fara að hokra með tengdadótturinni. Þá sagði ég nú við sjálfa mig: hann Sigurður er maður sem kann að bræða hjörtu kvenna.

ÁSTA: Mikið er gott að þú kannt að meta hann Sigurð, Jóna mín, ein er hver ein.

(GUÐMUNDUR og HALLA birtast.)

ÁSTA: Sæl Halla mín, mikið var gott að þið gátuð komið.

GUÐMUNDUR: Það hittist bara svona vel á, ég er að sækja nýjan bíl.

SIGURÐUR: Þú ert búinn að læra þína lexíu, vona ég? Það er amerískur í þetta skiptir, er það ekki?

GUÐMUNDUR: Nei, nei, það er Volvo.

SIGURÐUR: Volvo! Ertu brjáláður, maður? Það er eins og að keyra skriðdreka úr fyrri heimstyrjöldinni. Hver ætlar að stýra með þér, það þarf tvo menn til að stýra þessum traktorum.

GUÐMUNDUR: Þetta eru mjög sterkir bílar. Mjög gott stál í sænskum bílum.

SIGURÐUR: Heldurðu að það sé stál í sænskum bílum? Það er mestanpart mýrarrauði, karl minn. Hefurðu aldrei séð myndir af sænsku mýrunum?

GUÐMUNDUR: Þeir ryðga mjög lítið.

SIGURÐUR: Ameríska stálið er það eina sem eitthvert vit er í. Af hverju heldurðu að Þjóðverjar hafi tapað stríðinu? Af því ameríska stálið var betra en þýska stálið. Og hvernig heldurðu að sænska stálið, sem er mestanpart mýrarrauði, mundi standa sig ef það fengi í sig ameríska stálkúlu úr amerískri fallbyssu? Svartaðu því.

GUÐMUNDUR: Ég bara svara því ekki neitt... ég get bara ekki hlustað á þetta!

SIGURÐUR: Staðreyndirnar tala sínu máli, vinur minn

GUÐMUNDUR: Já, ég bara ... vil ekki heyra þetta!

HALLA: Segiði nú eitthvað skemmtilegt, strákar.

SIGURÐUR: Hvar er þessi prestsdjöfull?

GÓGÓ: Hann kemur klukkan fimm.

SIGURÐUR: (*lítur á úrið.*) Klukkan fimm? Ég má ekkert vera að þessu, ég þarf að sækja fisk suður í Sandgerði.

JÓNA: Það mætti halda að þú værir að fara að gifta þig, þú ert svo taugaóstyrkur, Sigurður minn.

SIGURÐUR: Hérna, Guðmundur, reyndu að taka úr þér Volvohrollinn.

GUÐMUNDUR: Sjaldan hefur maður flotinu neitað

GÓGÓ: Þú færð kampavín á eftir, Sigurður. Finnst þér það ekki gott?

SIGURÐUR: Kampavín, ég þvæ mér ekki einu sinni um lappirnar upp úr slíku hlandi.

JÓNA: Mér sýnist þið ætla að sitja einir að brjóstbirtunni.

SIGURÐUR: Varla yrði það banabitinn þinn, kerling, þótt þú fengir koníakstár. Ef þú drepst úr einhverju verður það úr forvitni.

JÓNA: (*Sýpur á.*) Ég bið þín á ströndinni fyrir handan, Sigurður minn, tek þér opnum örmum og leiði þig inn í ljósið.

SIGURÐUR: Hreinn óþarfi, ég fer beinustu leið niður. Og þar verður enginn skortur á félagsskap.

HALLA: Hvar er Haddi?

GÓGÓ: Hann er uppi að klæða sig. Við erum komin með öll fötin okkar þangað.

HALLA: Þjó ekki einhver þarna uppi?

GÓGÓ: Sú sem þjó þarna er flutt út. Við leigjum allt húsið núna.

GUÐMUNDUR: Kemur hún ekki móðir þín?

GÓGÓ: Hún gat það ekki.

SIGURÐUR: Hvað er nú að kerlingarbeyglunni?

GÓGÓ: Hún fótbrotnaði.

SIGURÐUR: Alltaf stend ég á löppunum þótt ég fái mér í glas.

ÁSTA: Það heldurðu nú bara sjálfur.

SIGURÐUR: Ef hún getur ekki staðið á löppunum manneskjan verður hún líklega að banka uppá hjá SÁÁ-greifunum og láta þá vinda úr sér.

ÁSTA: Sigurður, væri þér sama?

SIGURÐUR: Það mætti líka hengja lóð á lappirnar á henni. Ég er nú bara að gefa góð ráð.

GÓGÓ: Ég von að presturinn fari að koma, mér er svo flökurt.

SIGURÐUR: Hann hefur þurft að stoppa einhvers staðar á leiðinni, maðurinn. Þið vitið hvað hann er kallaður?

GUÐMUNDUR: Presturinn ... nei, ég veit það ekki.

SIGURÐUR: Huggarinn. Hann þykir ganga vasklega fram í því að hugga myndarlegar ekkjur.

JÓNA: Ekki veitir nú af að hugga döpur hjöрту í þessum táradal.

SIGURÐUR: Þú ættir að láta hann hugga þig, kerling! Þá mundi skrattinn loksins hitta ömmu sína.

ÁSTA: (*Við GÓGÓ.*) Skrepptu upp, Gógó mín og rektu á eftir honum Hadda. En við skulum ekki vekja barnið fyrir en presturinn kemur. Hún hefur gott af því að lúra þangað til, litla greyið. (*GÓGÓ fer.*)

HALLA: Þú ætlar að halda undir skírn, Ásta, er það ekki?

ÁSTA: Jú, mér er veittur sá heiður.

HALLA: Þá veistu auðvitað hvað barnið á að heita?

ÁSTA: Já, ég veit það.

SIGURÐUR: Gunnur, kannski?

ÁSTA: Hvernig dettur þér það í hug, Sigurður?

SIGURÐUR: Það er ekkert sem getur komið á óvart lengur.

GÓGÓ: (*Hrópar.*) Haddi! Haddi! Af hverju gerirðu þetta! Haddi minn, talaðu við mig! Ekki gera þetta!

HALLA: Er eitthvað að?

(*Haddi birtist. Hann er í veiðigallanum, málaður eins og indíáni og heldur á veiðistönginni.*)

ÁSTA: Haddi minn...

HADDI: Snertið mig ekki!

GÓGÓ: Haddi, þú lofaðir! Þú lofaðir!

HADDI: Turninn á að vera skakkur! Látið turninn í friði. Reynið ekki að rétta hann við! Hann á að vera skakkur! Turninn á að vera skakkur!

SIGURÐUR: Drengurinn er kolruglaður.

GÓGÓ: Haddi, þú sagðir að nú væri allt í lagi! Þú sagði að það yrði allt í lagi!

HADDI: Turninn á að vera skakkur! Turninn á að vera skakkur! Skakki turninn í Písa á að vera skakkur!

(Haddi hverfur inn í skakka turninn.)

ENDIR.